

ráðamönnum þess félags hlaut að vera það ljóst, að uppsögnin gæti ekki á þann hátt komizt til vitundar fyrirsvaramanna Félags íslenzkra iðnrekenda fyrir lok uppsagnarfrestsins. Fréttalestur skrifstofustjórans, lauslegt viðtal formanns Iðju við stjórnarnefndarmann iðnrekendafélagsins um fundarsamþykkt Iðju hinn 29. sept. og hin árangurslausa sendiferð til skrifstofu Félags íslenzkra iðnrekenda verða ekki heldur talin geta réttlætt þennan seinagang hjá Iðju.

Samkvæmt þessu ber að taka til greina þá kröfu stefnanda, að uppsögn Iðju, dags. 30. sept. s. l., á samningum þess félags við Félag íslenzkra iðnrekenda, skuli vera ógild.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Uppsögn Iðju, félags verksmiðjufólks í Reykjavík, dags. 30. sept, s. l., á samningum þess félags við Félag íslenzkra iðnrekenda frá 1. jan. 1942, skal vera ógild.

Málskostnaður falli niður.

Þriðjudaginn 16. desember 1941.

Nr. 9/1941. **Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags Reykjavíkur.**

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Eimskipafélags Íslands h/f.

Varadómáraman Sigurgeir Sigurjónsson í stað Sigurjóns Á. Ólafssonar og Sigurjón Jónsson í stað Jóns Ásbjörns-sonar.

Ágreiningur um skilning á ákvæðum kjarasamnings um greiðslu dýrtíðaruppbótar.

Dómur.

Hinn 21. janúar s. l. gerðu Eimskipafélag Íslands h/f og Sjómannafélag Reykjavíkur samning um kaup og kjör háseta og annan um kaup og kjör kyndara. Síðasta málsgrein 1. gr. samninga þessara er svo hljóðandi:

„Allt mánaðarkaup breytist 1. janúar 1941 samkvæmt dýrtíðartölu kauplagsnefndar, sem birt verður í janúar. Síðan breytist kaupíð ársfjórðungslega samkvæmt áður nefndri dýrtíðartölu og skal breytingin miðuð við dýrtíðartöluna eins og hún er í byrjun hvers ársfjórðungs.“

Þegar farið var að reikna út dýrtíðaruppbót sjómanna greindi félögin á um það, hvernig skilja bæri síðustu orð greinarinnar „... og skal breytingin miðuð við dýrtíðartöluna eins og hún er í byrjun hvers ársfjórðungs.“ Samkomulag um ágreininginn náðist ekki og hefur stefnandi höfðað mál út af þessu atriði hér fyrir dómi með stefnu 14. f. m. Gerir hann þær réttarkröfur, að stefndi verði skyldaður til þess að miða kaupbreytinguna samkv. síðustu málsgrein 1. gr. framangreindra samninga við þá dýrtíðarvisitölu, er birt er í fyrsta mánuði hvers ársfjórðungs. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins. Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt orðalagi nefndrar málsgreinar sé það ljóst, að greinina beri að skilja á þann veg, að dýrtíðaruppbótin skuli ákveðin eftir þeirri dýrtíðartölu, sem birt er í fyrsta mánuði hvers ársfjórðungs, því það sé sú dýrtíðartala, sem gildi í byrjun ársfjórðungsins. Þessi skilningur sé og í samræmi við það ákvæði nefndrar greinar, að dýrtíðaruppbótin fyrir 1. ársfjórðung þessa árs skuli reiknuð út eftir dýrtíðartölu þeirri, er birt verði í janúar. Hefur stjórn sjómannafélagsins, sem annaðist samningagerðina af hálfu þess félags, gefið yfirlýsingu um það, að þessum skilningi sjómannafélagsins hafi verið haldið fram við samningaumleitarnar, og fyrirvarsmenn Eimskipafélags Íslands h/f þá fallizt á hann.

Stefndi hefur eindregið mótmælt skilningi stefnanda á umræddu samningsákvæði. Telur hann, að um það hafi verið talað við samningagerðina, að með því að dýrtíðartala hvers mánaðar væri ekki birt fyrr en seint í mánuði hverjum, þá væri ekki hægt að miða dýrtíðaruppbótina í byrjun hvers ársfjórðungs við aðra dýrtíðartölu en þá, sem búiið væri að birta, er dýrtíðaruppbótin ætti að greiðast, og yrði því að miða við dýrtíðartölu síðasta mánaðar næsta ársfjórðungs á undan. Telur hann að fyrirvarsmenn Eimskipafélagsins hafi lagt áherzlu á það, að félagið gæti á hverjum tíma vítað,

hvaða dýrtíðaruppbót bæri að greiða, til þess að ávallt væri hægt að gera upp að fullu við skipverja, ef þess þyrfti með. Hins vegar hafi, þegar samið var 21. janúar s. l., verið vitað, að dýrtíðartala þess mánaðar myndi verða birt næstu daga, og því hafi þótt rétt að miða við hana, að því er fyrsta ársfjórðunginn snerti. Máli sinu til stuðnings hefur hann enn fremur fært það, að í samningsuppkasti sjómannafélagsins hafi þess verið upphaflega krafizt, að dýrtíðaruppbótin miðaðist við „dýrtíðina“ eins og hún er í byrjun hvers ársfjórðungs, en þessu hafi verið breytt í það horf, sem í samningnum greinir með tilliti til nefndrar afstöðu eimskipafélagsstjórnarinnar.

Stefnandi hefur mótmælt þessari skýrslu stefnda, sem gefin er af formanni eimskipafélagsstjórnarinnar, sem tók þátt í samningaumleitunum. Stendur þannig staðhæfing móti staðhæfingu um það, til hvaða niðurstöðu samningarnir hafi átt að leiða. Ekki verður talið, að breytingar þær, sem gerðar voru á samningsuppkasti sjómannafélagsins með samningunum, séu þess eðlis, að þær gefi næga stoð til þess, að skilningur stefnda á deiluatríðinu verði lagður til grundvallar dómi í málinu. Verður því að skýra umdeilt samningsatriði út frá orðalagi þess.

Viðskiptamálaráðuneytið hefur síðari hluta hvers mánaðar á yfirstandandi ári birt í Lögbirtingablaðinu tilkynningu um vísitölu framfærslukostnaðar eins og hún er 1. dag þess mánaðar, sem hún er birt í samkvæmt útreikningi kauplagsnefndar. Nú á samkvæmt framangreindum samningum frá 21. jan. þ. á. að miða dýrtíðaruppbótina við „dýrtíðartöluna eins og hún er í byrjun hvers ársfjórðungs“, og verður því með tilvísun til þess, sem áður segir, um tilkynningu ráðuneytisins, að líta svo á, að miða beri við þá vísitölu framfærslukostnaðar, sem þannig er birt í fyrsta mánuði ársfjórðungs hvers. Er þessi niðurstaða og í samræmi við það samningsákvæði hinnar umdeildu greinar, að dýrtíðartalan fyrir 1. ársfjórðung samningstímabilsins, sem hefst 1. janúar s. l., skuli miðast við þá dýrtíðartölu, „sem birt verður í janúar“. Ber samkvæmt þessu að taka til greina kröfur stefnanda að þessu leyti.

Einn dómara, Sigurjón Jónsson, getur þó ekki fallizt á þessa niðurstöðu. Telur hann að leggja beri skilning stefnda

á hinu umdeilda sammingsákvæði til grundvallar dómi í málinu.

Eftir atvikum þykir mega láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Dýrtíðartalan, sem miða skal við, þegar dýrtíðaruppbót er reiknuð út ársfjórðungslega samkvæmt síðustu málsgrein 1. gr. samninga frá 21. jan. þ. á. milli h/f Eimskipafélags Íslands og Sjómannafélags Reyjavíkur, er sú vísitala framfærslukostnaðar, sem birt verður í fyrsta mánuði ársfjórðungs hvers.

Málskostnaður fellur niður.
